



**Björn Snorrason**  
**Ingibjörg Harðardóttir**  
Björk II  
805 Selfoss

## Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Bjarkarvegur (3759-01) af vegaskrá.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007, að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

*Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.*

Bréf þetta er sent á skráða eigendur jarðarinnar Björk II, L203819, mynd 1, skv. fasteignaskrá en Bjarkarvegur (3759-01) er skráður héraðsvegur á vegaskrá og er í umsjá Vegagerðarinnar.



Mynd 1. Skjáskot úr kortasjá Vegagerðarinnar sem sýnir tengingu Bjarkarvegur (3759-01) við Biskupstungnabraut (35-03), rauð píla, (Kortasjá Vg-RMJ).

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er Bjarkarvegur (3759-01) merktur „einkavegur“ og er því ekki almenningi til frjálsrar umferðar eins og kveðið er á um í vegalögum. Vegurinn uppfyllir því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega. Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og eru taldir upp í vegaskrá. Uppfylli vegur ekki lengur skilyrði vegalaga til að geta talist þjóðvegur skal Vegagerðin tilkynna aðilum að fyrirhugað sé að fella hann af vegaskrá frá og

með næstu áramótum og þar með sé veghald hans ekki lengur á ábyrgð Vegagerðarinnar, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að fyrirhugað er að fella Bjarkarveg (3759-01) af vegaskrá sem þjóðveg samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Landeigendum er hér með veittur tveggja vikna frestur frá dagsetningu bréfs þessa, til að fjarlægja áður nefnda merkingu af veginum. Hafi landeigendur ekki brugðist við innan ofangreinds frests verður Bjarkarvegur (3759-01) felldur af vegaskrá frá og með næstu áramótum.

Afrit sent á sveitarfélagið, [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Síða 2/2

Vegagerðin